

## Fundargerð skólaráðs, 27.03.2026

*Mættir eru:* Írena fulltrúi kennara, Guðlaug skólastjóri og fulltrúar foreldra, Halla, Hrefna og Ólöf fulltrúi starfsmanna. Fulltrúar nemenda fengu leyfi vegna árshátíðar í gærkvöldi.

### Dagskrá:

- **Skóladagatal næsta skólaárs; 2026-2027**

Farið var yfir skóladagatalið sameiginlega á fundinum en fólk hafði fengið dagatalið sent áður með viku fyrirvara.

Tillaga kom upp að hafa námsviðtöl þann 15. febrúar á næsta skólaári, allir voru sáttir við það á fundinum. Vilja ekki hafa námsviðtöl á bolludeginum sem er mánudagurinn 9. febrúar eins og ráðgert var í upphafi og 2. febrúar þótti óhentugur í miðri viku.

Bæta inn á dagatalið árshátíð unglunga sem er 18. mars.

Annars var sátt um nýja dagatalið.

- **Þemavika kynnt og rædd**

Guðlaug ræddi um þemavikuna. Annað hvert ár ráða kennarar hvaða þema sitt stig mun vinna með en hitt árið á móti er sameiginlegt þema yfir allan skólann. Þemavikan gekk vel og almenn ánægja með hana og gleði hjá nemendum.

- **Vinnan við farsældarsáttmála heimilis og skóla**

Foreldrum fannst ekki nægilega góð mæting hjá sumum árgöngum þegar verið var að vinna að farsældarsáttmálanum. Rætt var um hvernig hægt væri að hafa þennan fund öðruvísi t.d. á öðrum tíma svo fleiri mæti eða mögulega í upphafi skólans í framhaldi af námskynningu í skólasetningu.

Rætt var um öpp sem nemendur eru að nota og hvað þau eru ung þegar þau byrja á tiktök og fl.

- **Önnur mál**

Foreldrar vildu ræða ferla skólans varðandi hegðunarvandamála og truflunar í kennslu og hvernig væri brugðist almennt við slíkum málum hjá börnunum.

Foreldrar eru að tala um þessi mál sín á milli og hafa þessi vandamál verið lengi í sumum árgöngum. Guðlaug lagði fram og kynnti ferla skólans og hvernig brugðist væri almennt við í samræmi við reglur skólans. Einnig kynnti hún lausnarteymið og ráðgjafa þess á vegum Austurmiðstöðvar (hegðunar – og kennsluráðgjafa) og ráðgjafa frá Brúarskóla.

**Fundi slitið klukkan 9:15.**

Ritari: Írena